

# 100. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 30. október kl.17:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru:

Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Hermundur Pálsson, Berglind Þorbergsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Emil Þór Guðbjörnsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Kaupþing banki /Sigurður Kristjánsson Staðalhúsum óskar eftir færslu á byggingarreit á lóð við Aðalgötu nr. 17. Erindið var í grenndarkynningu sem óveruleg breyting á deiliskipulagi sbr. 2 mgr. 26. gr skipulags- og byggingarlaga. Engar athugasemdir bárust.

*Lagt er að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt.*

2. Endurskoðun á Aðalskipulagi.

*Guðmundur Kristinsson lagði fram eftirfarandi breytingar á Aðalskipulagi 2002 – 2022 :*

1. *Svæði norðan Nesvegjar og sjálfsafgreiðslu eldneysisstöðvar við Aðalgötu að Lágholti og Árnatúni verði breytt í svæði fyrir þjónustustofnanir. (t.d. íbúðir fyrir aldraða.)*
2. *Svæði sunnan þjóðvegjar sem afmarkast af verslunar og þjónustusvæði við Aðalgötu, tjaldsvæði, golfvelli, frístundabúskap og kirkjugarði verði að íbúðasvæði.*
3. *Athafnasvæði A1 verði stækkað til vesturs að þjóðminjaverndarsvæði samsíða núverandi skipulagi.*
4. *Svæðið sunnan þjóðvegjar sem á Aðalskipulagi heitir Byrgisborg og Selskógur og liggur í suður frá núverandi frístundabyggð að Vogsbotni verði breitt í svæði með blandaðri landnotkun eða opið svæði til sérstakra nota og svæði fyrir frístundabyggð.*

*Einnig ræddu nefndarmenn um að viðhalda vegtengingu frá Silfurgötu yfir á Reitaveg eða um skarðið bak við Silfurgötu nr. 42, með tengingu við Landey og byggingaland fyrir íbúðabyggð á Ytri Höfða.*

*Samþykkt var að fara í vettfangsferð um aðalskipulagssvæðið og í framhaldi að því verði mótaðar nánari tillögur um landnotkun.*

3. Önnur mál.

*3a. Þorbergur óskar eftir að fá úthutað svæði undir reykjöfunargáma fyrir Slökkviliðið.*

*3b. Guðmundur Kristinsson leggur til eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi við Hjallatanga:  
Hús sem standa sunnan við götu (hús nr. 9-19) geti einnig haft legu meginmænisáss samsíða götu.*

B.V.